

SAMNINGUR

við Félag eldri borgara í Dalabyggð og Reykhólum

Dalabyggð, kt. 510694-2019 og Félag eldri borgara í Dalabyggð og Reykhólum, kt. 491001-3480 gera með sér svohljóðandi samstarfssamning:

1. Um samninginn

Samningi þessum er ætlað að efla starf Félags eldri borgara í Dalabyggð og Reykhólum og stuðla að auknu samstarfi milli félagsins og Dalabyggðar.

2. Tilgangur, markmið og hlutverk

Hlutverk Félags eldri borgara í Dalabyggð og Reykhólum samkvæmt samningi þessum er:

- að skipuleggja og sjá um félagsstarf eldri borgara í Dalabyggð.
- að koma ábendingum til sveitarstjórnar um hvaðeina sem betur má fara í þjónustu sveitarfélagsins og snýr að eldri borgurum.
- gera sveitarstjórn árlega grein fyrir starfsemi félagsins.

Hlutverk Dalabyggðar samkvæmt samningi þessum er:

- að styðja bæði fjárhagslega og með óbeinum hætti við starfsemi Félags eldri borgara.

3. Styrkir Dalabyggðar til Félags eldri borgara í Dalabyggð og Reykhólum

Starfsstyrkur

Dalabyggð greiðir Félagi eldri borgara fastan starfsstyrk til starfsemi félagsins, s.s. til greiðslu ferðakostnaðar, námskeiða og kaffikostnaðar. Styrkurinn skal vera að lágmarki kr. 400.000,- á ári, fyrir árin 2024, 2025 og 2026. Fjárhæðin getur hækkað skv. fjárhagsáætlun hvers árs. Styrkupp hæðin skal greidd félaginu í tvennu lagi ár hvert, 1. mars og 1. október.

Afnot af félags- og íþróttastöðu og forgangur

Dalabyggð aðstoðar félagið við að útvega húsnæði til félags- og íþróttastarfs og skulu afnotin vera endurgjaldslaus þegar um er að ræða húsnæði sveitarfélagsins.

Auðarskóli hefur forgang að notkun félags- og íþróttamannvirkja á skólatíma. Almenna reglan er að Auðarskóli hafi fyrsta forgang, UDN annan og Félag eldri borgara þriðja. Hliðra skal til tímum félaga vegna sérstakra atburða á vegum sveitarfélagsins.

Óbeinir styrkir

Dalabyggð styrkir Félag eldri borgara á óbeinan hátt, m.a. með ofangreindum aðgangi að félags- og íþróttamannvirkjum. Félaginu er einnig heimilt að ljósrita og prenta endurgjaldslaut á skrifstofu Dalabyggðar þegar um er að ræða gögn vegna starfsemi félagsins s.s. tilkynningar og ársreikninga.

Einnig er Dalabyggð aðili að samkomulagi um afnot elli- og örorkulífeyrisþega af líkamsræktaraðstöðu Ungmennafélagsins Ólafs Pá.

SLÓ



Öll ofangreind afnot og óbeinir styrkir færast sem styrkur Dalabyggðar til Félags eldri borgara í bókhaldi sveitarfélagsins. Á árinu 2024 er þessi styrkur metinn sem kr. 450.000,-. Afnotin skulu vera innan opnunartíma mannvirkja og taka tillit til aðstæðna eins og viðhalds, endurbóta og slíks af hálfu sveitarfélagsins.

4. Rekstrar- og starfsskýrsla

Félag eldri borgara skuldbindur sig til að skila starfsskýrslu til Dalabyggðar fyrir 1. júní ár hvert.


5. Gildistími og endurskoðun

Samningur þessi tekur gildi við undirskrift hans og gildir fyrir árin 2024, 2025 og 2026. Samningsaðilar geta lagt fram beiðni um endurskoðun samningsins með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara. Beiðni um endurskoðun á upphæð árlegs styrks þarf að koma fram fyrir 1. október vegna fjárhagsáætlunar komandi árs.


Búðardal, 6. desember 2023


f.h. Dalabyggðar




f.h. Félags eldri borgara í Dalabyggð og Reykhólum

Vottar að réttum undirskriftum og dagsetningu:


Nafn og kennitala 280691-2329

 230774-4123
Nafn og kennitala